Norðurþing
Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

# Reglur Norðurþings um sálfræðiþjónustu

## Hvaða málum sinnir sálfræðingur?

1. Sálfræðingur tekur aðeins mál að sér sem tilheyra skólaþjónustu, úrræðinu Keldunni í félagsþjónustu og barnaverndarmálum.

## Hvernig á að sækja á um sálfræðiþjónustu?

1. Ef óska á eftir sálfræðiþjónustu eru allar umsóknir teknar fyrir á samráðsfundi, annað hvort hjá félagsþjónustu eða barnavernd. Þar er tekin ákvörðun og í framhaldinu er gerð tilvísun (sniðmát í one) á nafni barnsins og afhent sálfræðing undirritað af vinnsluaðila mál

2. Ef skóli telur barn í þörf fyrir sálfræðiviðtöl fyllir hann út tilvísun um samstarf við félagsþjónustu og sú tilvísun fer fyrir fund hjá félagsþjónustu þar sem ákvörðun verður tekin. **Sá aðili sem heldur utan um málið hjá skóla- eða félagsþjónustu gerir tilvísun um sálfræðiviðtal (sniðmát í one).**

**Sálfræðingur skal ekki hefja vinnslu í máli nema hafa útfyllt tilvísunarblað í höndunum undirritað af vinnsluaðila.**

Sálfræðingur skal halda utan um vinnslu mála hjá sér, bóka viðtalsherbergi í stjórnsýsluhúsi ef þarf, boða í viðtöl og afboða, sjá um biðlista og skráningar í one. **ATH.** annar háttur er á ef sálfræðingur hittir börn í skólanum á skólatíma, þá aðstoðar skólinn við að raða niður viðtalstímum.

Sálfræðingur skal vera í góðu samstarfi við vinnsluaðila mála og láta vita ef eitthvað breytist og skila lokaskýrslu af viðtölum loknum. Lokaskýrsla skal vera útprentuð, með haus og undirrituð.

Samþykkt í Fjölskylduráði Norðurþings þann 13. jan. 2020 og staðfest í Sveitarstjórn Norðurþings þann 21. jan. 2020.